

Ársreikningur 2024



Akraneskaupstaður

Fasteignafélag
Akraneskaupstaðar ehf.

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðanda	3-4
Áritun og skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
kt. 640805-0640
Dalbraut 4
300 Akranesi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð féluginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi félagsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni félagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Maí 2025.

Endurskoðun VSK ehf.

Svavar Stefánsson, löggiltur endurskoðandi

Ársreikningur Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf. fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Áritun og skýrsla stjórnar

Tilgangur félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu markmiða félagsins, þ.e. til eflingar íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Tap af rekstri félagsins á árinu nam 19 þús. krónum, eignir í árslok námu samtals 255 þús. krónum og eigið fé var 255 þús. í árslok.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi félagsins.

Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Stjórn Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, apríl 2025.

Stjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrargjöld:			
Bókhalds- og skrifstofuþjónusta	3	<u>30</u>	<u>30</u>
(Tap) fyrir fjármagnsliði		(30)	(30)
Fjármagnsliðir:			
Vaxtatekjur, Aðalsjóður		11	11
Fjármagnstekjuskattur		<u>11</u>	<u>1</u>
		<u>11</u>	<u>12</u>
(Tap) ársins	1,2,4	<u>(19)</u>	<u>(18)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir:

31.12.2024 31.12.2023

Veltufjármunir:

Skammtímakröfur:

Fjármagnstekjuskattur		1
Skammtímakrafa aðalsjóður	255	273

Veltufjármunir 255 274

Eignir samtals 255 292

Eigið fé og skuldir:

Eigið fé:

Hlutfé	500	500
Annað eigið fé (ójafnað)	(245)	(226)
Eigið fé 5	<u>255</u>	<u>274</u>

Eigið fé og skuldir samtals 255 292

Sjóðstreymi árið 2024

Rekstrarhreyfingar:	2024	2023
(Tap) ársins	(19)	(18)
Veltufé (til rekstrar)	(19)	(18)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Aðalsjóður, breyting	19	19
(Lækkun) á handbæru fé		
Handbært fé í ársbyrjun		
Handbært fé í árslok	0	0

Skýringar

Félagið:

1. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf. er íslenskt einkahlutafélag. Heimilisfang félagsins er að Dalbraut 4, Akranesi. Tilgangur félagsins er að starfa í þágu almenninga og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu markmiða félagsins, þ.e. til eflingar íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.

Reikningsskilaaðferðir:

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Tekjuskattur

4. Markmið félagsins er að starfa í þágu almenninga og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu markmiða félagsins, þ.e. til eflingar íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar. Þessu markmiði félagsins má ekki breyta nema með þeim hætti að það samrýmist undanþágu 5. töluliðar 4. greinar laga um tekjuskatt.

Eigið fé:

5. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 500 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig í árslok:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	500	(226)	274
(Tap) ársins		(19)	(19)
Eigið fé í árslok	500	(245)	255

Viðskipti við tengda aðila:

6. Viðskipti við eiganda félagsins á árinu 2024 og staða viðskiptaskuldar í árlök 2024 greinast þannig:

	Vaxta- gjöld	Þjónustu- kaup	Viðskipta- krafa 31.12.2024
Akraneskaupstaður	11	30	255